



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Hólum í Hjaltadal 25. júní 2021

Ágæta samverkafólk.

**Aflétting allra samkomutakmarkana á Íslandi tekur gildi á morgun, laugardaginn 26. júní.** Hér er um gríðarlega kærkomið skref að ræða og mikið fagnaðarefni, sem hefur áhrif á samfélagið allt, og þar með þjónustu kirkjunnar.

Upplýsingar um nýju reglugerðina má nálgast á vef heilbrigðisráðuneytisins, sjá hér: [Stjornarráðið | COVID-19: Aflétting allra samkomutakmarkana 26. júní \(stjornarradid.is\)](https://stjornarradid.is)

Frá og með morgundeginum er því **ekki lengur þörf** fyrir **skráningu** þátttakenda í viðburðum, ekki þarf að gæta að skilyrðum um eins eða tveggja metra **nándarmörk** og **grímuskylda** hefur verið afnumin.

Altarisgöngur eru því heimilar með frjálstri aðferð.

Þrátt fyrir afléttinguna þurfum við enn að gæta að hinum persónulegu sóttvörnum, þar sem ég bið ykkur sérstaklega um að athuga eftirfarandi atriði:

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir á altarinu við útdeilingu, við inn- og útganga úr kirkjunni, sem og á salernisaðstöðu.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla sameiginlega snertifleti milli athafna.

Guð blessi ykkur í þjónustu og einkalífi,

Solveig Lára Guðmundsdóttir,  
starfandi biskup Íslands.